

Dr. Helgi Pjeturss:

EKKI ÓFYRIRSJÁANLEGT

I.

Frödleg þótti* mjer þessi grein í Morgunblaðinu í dag, sem heitir „Hver sígraði í styrjöldinni?“, og þydd er úr Bandaríkjatímaritinu „Current History“. Og atþyglisverðust þó þessi orð í greinarlokin: „Nema hið ófyrirsjáanlega komi fyrir, litur út fyrir að það þurfi ennþá eitt heimstrioð til þess að gera út um það, á hvaða grundvelli samstarf þjóðanna á að byggjast í framtíðinni: Samband sósialistiskra Sovjetrikja eða Bandaríki heimsins.“

Það virðist ekki efamál að hinn vitri greinarhöfundur virðist helst telja 3. heimsstyrjöldina vísa. En mæla vil jeg móti því, að ófyrirsjáan legt sje hvað gæti komið í veg fyrir hana. Því að jeg hygg að með vissu megi segja hvað það er. Nokkur ný þekking þarf að koma fram, og er raumar nokkurt upphaf þeirrar þekk ingar nú þegar orðið. Mundu þau nýju viðindi taka mjög skjótum þroska, ef undir það upphaf væri tekið. Mundu þá skamt til þess, að jafnvel mætti kalla homo sapientior í stað homo sapiens, (eins og nafn mannkynsins í dýrafræðinni nú er. Sapientior: betur skynsemi gæddur, vitrari).

En takist ekki að afstýra 3. heimsstyrjöldinni, virðist mjer óliklegt að mikið mundi verða að ræða um samstarf þjóða upp úr því. Allmiklar likur eru til þess, að sú styrjöld mundi leiða til fullkomins niðurfalls menningarinnar. Að því er þeir segja, sem helst mega teljast dómbærir, er eyðileggingarmáttur hernadartæknumar, nú þegar orðinn svo mikill að algerlega mætti á skammri standu legga í rústir stærstu borgir jarðarinnar, New York og London,

og ekki einungis það, heldur jafnvel valda manndauða svo miklum, að tugum miljóna skifti.

II.

Það þarf að líta á alt þetta mál frá sjónarmiði náttúrufræðinnar meir en gert hefir verið. Það þarf að átta sig á hinum tveim stefnum framyindunnar. Styrjaldirnar eru helstefmœinkenni, og meðan helstefnan ræður, getur ekki orðið endir á ófriði óðruvisi en þannig, að mannkynið liði undir lok. Annað einkenni helstefnunnar eru slysin. Hjer á landi hafa slysin á þessum síðustu tímum verið í ljótasta lagi. Þarf ekki annað en minna á það hve hörmulega 3 smábörn hafa látið lifið á nokkrum dögum, tvö dreipin á götu úti, en hið þríðja kafnað í mykjuhaug. Svo ömurleg slys mundu ekki eiga sjer stað hjá íslenskri þjóð sem veri farin að átta sig á mannkynshlutverki sinu. En það væri sama sem upphaf hinnar nauðsynlegustu stefnubreytingar. Raunar má nú sjá nokkur merki þess, að hin mikla stefnubreyting gæti orðið jafnvel þó að íslenska þjóðin áttadi sig ekki á hlutverki sinu. Virðist mjer þar athyglisverðast það sem lesa má í bók eftir enska liðsforingjann Ripley Webb er heitir „A meaning to Life“ (Um tilgang lífsins). Gerir höfundurinn (S. 131) ráð fyrir því, að mannkynið mun, ef til vill, sjá fram á, að frekari framfara verði ekki kostur, án samstarfs þeirra sem byggja jarðstjórnar lengra komnar en vor er. „The threads of man's activities are being drawn to a point where he may see the impossibility of further progress without the co-operation of those

who inhabit worlds more advanced than his own.....“

Orðin „Although unity will be the keynote of the Great Newness“ (á sömu bls.), benda einnig til nokkurs skyldleika við hugsun Nýals, þó að allmiklu þokulegar sje að orði komist.

Bækur Webbs eru allmikið lesnar og miklar likur til að fleiri komi, og virðist mega gera sjer nokkrar vonir um, að þar kunní að koma fram þessi aðalhugsun um samband mannkyns vors við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjórnum alheimsins, svo aukin og endurbætt, að duga mundi til framfarahorfs. Mundu þar ófæð greiða fyrir, ef nokkur hundruð manns hjer á landi hefðu mikinn hug á því, að svo getti orðið.

Helgi Pjeturss.

E.S. I bók minni „Pónýall“ s. 253, hefir misritast Webbs f. Webb.

H. P.



SALOMONSDÓMUR.

Fyrir nekkram árum kom kona á fund Ibn Saud konungs í Saadi-Arabíu, og karði það fyrir honum, að maðurinn sinn hefði verið dreipinn. Það vildi þannig til, sagði hán, að hann stóð undir döðlinpáhna, en eim af þjónum konungsins var uppi í pálmannum. Hann datt aðbur, maðar hennar varð undir og beið skjótan daudha. Og nú vildi hún að þjónum ytri refsad með líflati fyrir þetta. Konungur spurni hvort hún vildi ekki alveg eins fá lögbetur, en hún var nú ekki á því, löginn segðu að sá, sem banaði manni, hefði fyrirgett lífi sinn. — „Það er alveg rjett“, mælti konungur, „og jeg verð aðvinnað að framselja hennan manni til lífláts svo að bætt sje fyrir dráp bónaða þins. En það er mitt að ákveða hvernig aftakan skuli fara fram. Þess vegna mæli jeg svo fyrir að hann skuli bundinn á höndum og fótum og lagður undir pálmannar þar sem slysið varð. Og svo áttu að klifra opp í pálmann og líta þig detta ofan á hanu, svo að hanin biði sama daðdaga og maðurinn þínur“. — Þegar ekkjan heyrði þetta, var hún fús að taka fjbætur fyrir mann sinn.

